

Steinunn Marteinsdóttir

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Ad loknu hinu harða og stranga verkfalli virðist sem aðsókn á myndlistarsýningar hafi tekið mikinn fjörkipp og sala á myndverkum að sama skapi aukist. Þetta kom strax fram fyrstu helgina eftir verkfallið a.m.k. hvað Kjarvalsstaði áhrærir en aðsókn á staðinn hefur verið með minna móti í allt haust. Þetta hefur annars verið rýrt haust fyrir myndlistarmenn og verkfallið lagði sína andvana hönd á allar listrænar framkvæmdir og eiga margir um sárt að binda eftir að hafa lagt út í kostnaðarsamt sýningarhald. Standa uppi skuldugri en þeir voru fyrir.

Það er eðlilegt eftir jafn langt hlé að fólk taki við sér og þetta áréttar einmitt nauðsyn þess að sýningarsölum verði lokað fyrir almennar sýningar yfir hásumarið svo sem tíðkast annars staðar í Evrópu en verði svo opnaðir allir um sömu helgi með úrvalssýningum snemma hausts. Þetta er víða gert með miklum myndarbrag og lífrænum tilfæringum en lyfta sálum manna í hæstu hæðir í öllum skilningi.

Það er mjög af hinu góða að það skyldu þá verða einhverjir, sem nutu góðs af verkfallinu og einnig myndlistin sjálf í heild því að nógu var dauft yfir gjörningum haustsins á þeim vettvangi.

Steinunn Marteinsdóttir, er kynnr 93 ný keramikverk í Kjarvalsall er vel þekkt listakona er tvísvar hefur haldið sýningar á Kjarvalsstöðum áður og í bæði skiptin með ágætum árangri. Þá hefur hún einnig fengist við veggskreytingar og

rekið eigið verkstæði á þriðja áratug, fyrst í Reykjavík en síðari ár að Hulduhólum í Mosfellsveit.

Verkin á þessari sýningu eru unnin í hvítan leir (postulín) og steinleir en veggmyndir sumar eru límdar á tréplötu húðaðar með sandi.

Það sem fyrst vekur athygli, er inn á sýninguna er komið, er hve vel er búið að henni á allan hátt bæði hvað uppsetningu og lýsingu snertir og til viðbótar hefur listakonunni dottið það snjallræði í hug, að hólfu sýningarsalinn niður með gashengjum er gefur henni léttan og þokkafullan blæ.

Hér er eitt dæmið á ferð um hugkvæmni listamanna um nýtingu húsakynna og yfirburði skapandi kennda yfir öllum skólalærdómi. Ad visu var sýning Steinunnar opnuð í lok verkfallsins svo sem frægt er orðið en það snérist einungis upp í góða auglýsingu og hún heldur fullum áætluðum sýningartíma.

— Eftir ítrekaða skoðun sýningarinnar er undirritaður kominn á þá skoðun, að einfaldleikinn og hin hreina keramik sé langsterkasta hlíð listakonunnar og vil ég þá sérstaklega vísa til veggplatta nr. 16 og 17 svo og 65—67. Hér er formið einfalt og sterkt og lífræn skreytingin fylgir því fullkomlega, er hér gott dæmi um samræmda heild. Lengst kemst svo gerandinn í sláandi einfaldleik í vösum nr. 20 og 29, ásamt hinum látlausu og hnitmiðað skreyttu vösum nr. 51 og 71.

Annars virkar sýningin í heild sem barátta á milli ýmissa ólíkra þátta í listsköpun gerandans — tilhneigingarinnar til að vinna í óhlutlægum skúlptúr, hlutlægum, táknrænum lág-



Steinunn Marteinsdóttir

myndum, öguðu og faguðu handverki svo og skrautgirnir ýmiss konar. Ágætum árangri nær hún í skúlptúrforminu „Rof“ (34) en hins vegar heilla lágmyndirnar mig engan veginn og þykir mér gerandinn herna vera kominn út á hliðarspor í list sinni. Hlutlægu formin eru einhvern veginn svo annarlega mótuð og ósannfærandi og svo minnir þetta á ýmislegt sem löngu áður hefur verið gert á vettvangi „symbolismans“. Þetta kemur fram í myndunum nr. 37—41 svo og 90—93. Í seinni myndaröðinni minna myndirnar á geimverur (E.T.) en virka einhvern veginn svo framandi á myndfletinum.

Það er sláandi hve ein lág-

mynd „Prá“ (18) myndi verða einföld og heilleg ef hendurnar væru ekki. Yfir öllu í henni er mikið samspil jafnvægis í formi og efnisáferðin er sérstaklega finleg.

Mörg hinna smærri verka standa fyllilega fyrir sínu sem ágæt keramikverk og vil ég hér sérstaklega vísa til skálanna nr. 86—88. Skreytikenndin nær svo hámarki sínu í myndum þeim er gerandinn nefnir „Sýn“ og þykir mér skorta hinn úrskerandi listræna þrótt. Í heild er þetta falleg og umbrotamikil sýning og hin hrifmeiri verk á sýningunni undirstrika sérstöðu Steinunnar Marteinsdóttur á sviði íslenskrar leirlistar.

Hver var hvað á Hveravöllum?

Bókmenntir

Jóhanna Kristjónsdóttir

Birgitta H. Halldórsdóttir: Háski á Hveravöllum. Útg. Skjaldborg 1984

Það hlaut að koma að því að blaðakonur(menn) færu að verða persónur í hasarsögum, enda lif blaðamannsins afskaplega æsandi og viðburðaríkt, að mati margra blaðamanna og að mati margra sem eru ekki blaðamenn. Hér hefur höfundur upp söguna um blaðakonuna Mörtu sem vinnur á frjálsu og óháðu blaði undir stjórn gæðamannsins Sigga frænda. Þar vinnur líka Kristín sem er mjög falleg, og Ægir blaðamaður sem er dulitið vafasamur aðili. Marta stendur sig með stakri þrýði í starfi og þegar Kristín blaðakona ferst á Hveravöllum er hún send af Sigga frænda til að rannsaka málið. Ad visu kemur sú rannsókn lítið við sögu, en þó upplýsist án teljandi átaka að Kristín hafi dottið í hver og brenndist svo að bani hlaut af. Og nú á Marta líkleg að upplýsa málið. Ægir blaðamaður er á staðnum, það vekur grunsemdir og á svæðinu birtast tveir alþingismenn á fyllerfi, Friðrik ber af þeim og hættir að vera á fyllerfi því að hann og Marta heillast hvort af öðru. En undarlegir atburðir fara nú að gerast, það er engu líkara en einhver sækist eftir lífi Mörtu... og hver gæti það nú verið, varla Friðrik alþingismaður og vonandi er Ægir góður inn við



Birgitta H. Halldórsdóttir

Um hvað var deilt?

Bókmenntir

Erlendur Jónsson

Jón Viðar Sigurðsson: KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR 1947—1951. 70. bls. Sagnfræðist. Háskóla Íslands. Reykjavík, 1984.

Árin 1947—1951, sem saga þessi tekur til, voru fyrir margra hluta sakir minnisstæð. Nýsköpunarstjórnin, sem farið hafði með völd 1944—46, hafði látið hendur standa fram úr ermum, enda haft stríðsgróðann til að spila úr. Þar sem kommúnistar höfðu setið í stjórninni hafði hún notið velvildar róttækra menntamanna. Það hafði skapað henni starfsfrið umfram aðrar ríkisstjórnir. Hafði ekki líka verið lagður þarna grundvöllurinn að þjóðarsátt þeirri sem margir þráðu? Raunar ekki nema í bili. Ekki var allt sem sýndist. Kalda stríðið var að hefjast. Og svo fór að Nýsköpunarstjórnin sprakk á Keflavíkursamningnum 1946. »Margt olli því að árangur nýsköpunarstjórnarinnar varð ekki eins mikill og vonir stóðu til.« segir Jón Viðar Sigurðsson. Það er hverju orði sannara. Fjárfestingar þær hinar miklu, sem hún hafði staðið fyrir, skiluðu minni arði en vonast hafði verið til, sumar engum. Verra var hitt að þessi fræga stjórn skildi eftir tóman ríkiskassa. Eftir mikið brúð til við ströng skómmtum. Löng og harðvítug pólitísk verkföll urðu árviss. Þjóðin hafði skipt sér. Eftir þetta var búið í tvíþýli á Fróni. Við undirritun Atlants-

hafssáttmálans 1949 ríkti hér hugarfar borgarastyrjaldar!

Það eru þessar stórpólitísku sviptingar sem koma Jóni Viðari Sigurðssyni til að setja saman rit þetta fremur en sá þáttur samgöngusögunnar sem Keflavíkurlugvöllur óneitanlega skapaði. Er þó samgöngubættinum gerð til- tölulega góð skil í ekki stærra riti.

Höfundur getur þess réttilega að Íslendingar hafi haft ærinn áhuga á flugsamgöngum við útlönd áður en Keflavíkurlugvöllur kom til sögunnar. Sá áhugi vaknaði strax með flugi útlendinga hingað á árunum milli styrjaldanna. Á fyrstu árunum eftir stríð var almennt álitid að Ísland yrði nauðsynlegur viðkomustaður í farþegaflugi yfir Atlantshafið um ókomin ár. Hitt er vafamál að Íslendingar hefðu sjálfir haft bolmagn til að gera hér alþjóðaflugvöll er fullnægði venjulegum kröfum. Keflavíkurlugvöllur, sem þjóðin fékk gefins, breytti í einni svipan sjónarhorni landans til umheimsins.

Sjálf flugvallargerðin er látin liggja milli hluta í riti þessu, enda munu heimildir um hana tæpast aðgengilegar. Það var naumast fyrr en flugvöllurinn lá þarna alskapaður að Íslendingar vissu af þessu mannvirki, hinu langmesta sem herir Bandamanna létu hér eftir sig. Skoðunarferðir voru skipulagðar um völlinn eins og Jón Viðar getur um.

En saðning forvitinnar sætti ekki hin andstæðu öfl í þjóðfélaginu. Keflavíkurlugvöllur varð eins konar sálrænn vígvöllur í

komandi átökum. Það kom strax í ljós er velja skyldi heiti fyrir þennan tengilið við heiminn: »Stungið var upp á Geysi, Keflavík, Thule og Atlantic, svo að einhver nöfn séu nefnd. Keflavíkurnafnið varð fyrir valinu en þjóðviljinn stakk upp á að nafn flugstöðvarinnar yrði Ískarlot!«

Bandaríkin voru um þessar mundir ríkari og voldugri en nokkru sinni fyrr. Þau fóru fram á herstöðvar hér til langs tíma. Enginn léði máls á því. Keflavíkursamningurinn varð nokkurs konar málamiðlun. Frem kemur í riti þessu að Bandaríkjamenn voru óánægðir með samninginn og töldu hagsmunum sínum laklega borgið með honum. Jón Viðar upplýsir að Bandaríkjamenn hafi að sínu leytnu staðið við samninginn og verið umhugað að hann ylli sem minnstu róti í íslensku þjóðlífi. Sama máli gegndi um íslensk stjórnvöld.

Hins vegar munu þau vart hafa notað sér allan sinn rétt. Til dæmis fórst fyrir að þjálfva svo marga Íslendinga til tæknistarfa að þeir gætu að hæfilegum tíma liðnum tekið að sér stjórn og rekstur vallarins. Hefur sá undandrattur vafalaust stafað af því pólitíska taugastríði sem samstarfið við Bandaríkin olli hér — kalda stríðinu í sinni nöktustu — ef ekki hreint að segja — miskunnarlausustu mynd.

Jón Viðar heldur sig mest við umrætt tímabil, fer lítið út fyrir það. Hann hefur víða leitað fanga eftir samtímaheimildum og leggur aðeins út af því sem kalla má

skjallega staðfest. Það er að sínu leyti kostur. Gagnröða sögu, sem byggir á traustum heimildum, ber sist að lasta.

Hitt er svo annað mál að rök atburðanna á þessum árum skiljast betur ef lítið er á þau í víðara samhengi, t.d. deilurnar um Keflavíkursamninginn. Fleiri guldu varhuga við honum en kommúnistar einir. Þarna var líka verið að hverfa frá »ævarandi hlutleysi« sem fram að því hafði verið nátegt orðum eins og frelsi og sjálfstæði í vitund þjóðarinnar. Það var í sjálfu sér hreint afrek að þeir, sem ábyrgð báru á Keflavíkursamningnum, skyldu þó fá meirihluta þjóðarinnar til að falla frá slíku hjartans máli. Það sýnir hvílik tók flokksforingjar höfðu á fólk sínu á þessum árum. Hins vegar var svo komið við enda samningstímabilsins, 1951, að ástandið í heiminum bauð ekki lengur upp á hlutleysi.

»Ljóst er að Ísland hafði mikla hernaðarlega þýðingu fyrir Bandaríkjamenn,« segir Jón Viðar. Það má til sanns vegar færa að því leytnu að herafli þeirra í Þýskalandi þurfti hér á áningarstað að halda. Hitt hygg ég þó sönnu nær — eins og bent hefur verið á í öðru riti frá Sagnfræðistofnun — að fyrstu árin hafi aðstaða Bandaríkjamanna hér haft pólitískt gildi fremur en hernaðarlegt, vitanlega gagnstætt því sem síðar varð.

Með ábendingum þessum er ég sist að lasta ágæta ritgerð Jóns Viðars Sigurðssonar sem er að flestu leyti hlutlæg, vönduð og vel unnin.

Almennan áhuga á málum þessum nú má svo aftur rekja til þess að öll tengjast þau umræðum dagsins í dag um öryggis- og varnarmál þessa lands í nútíð og framtíð.

beinið. Kristján nokkur vörzlu- maður, sem reynist vera lögga, er þó ekki sökudólgurinn. Ad ekki sé nú talað um sveitastúlkuna Erlu, sem er komin undir þritugt og er jómfrú, sér til sárrar raunar. Kristján ræður snarlega bót á því og Marta gleymir sér og rannsóknunum í ástarbríma sínum. Unz eiginkona alþingismannsins, afsþyrnuðugur en eftir því illgjörn, Maria, kemur á vettvang... ásamt Sigga frænda.

Þetta fer nú allt að verða flókið og gerast atburðir sem eru ekki beinlínis notalegir.

Mörtu er sýnd morðtilraun, en hún lifir af og kemur sér undan í bili. Það kemur í ljós að hún og Erla höfðu báðar orðið ófrískar á Hveravöllum... ja, herna, minna mátti nú gagn gera. Málið flækist enn, skáldkonan reynir eftir beztu getu að greiða úr og festa lausa enda, en ekki tekst það nú nema rétt miðlungi vel og plottid í bókinni verður því ekki sannfærandi.

Birgitta skrifar af miklum áhuga og augljósrí ánægju. Bókin er hvorki á nægilega vönduðu máli né nógu vel upp byggð. En ritgleiðin leynir sér ekki og fleytir henni býsna langt. Og hér er um ótrúlega miklar framfarir að ræða frá bókinni Inga sem Birgitta sendi frá sér í fyrria.